

Umsögn dómnefndar

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómara við Hæstarétt Íslands
samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaði 27. mars 2026**

Reykjavík, 19. júní 2026

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	2
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	2
3. Málsmeðferð dómnefndar	4
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	5
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	12
5.2. Menntun og framhaldsmenntun	13
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	13
5.3. Reynsla af dómstörfum	13
5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	14
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	15
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður	16
5.5. Reynsla af stjórnarsýslustörfum.....	17
5.5.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	18
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.....	19
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf	19
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	20
5.6.2. Fræðibækur, -greinar o.fl.	21
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður.....	22
5.7. Reynsla af stjórnun.....	22
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	24
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	26
5.9. Sérstök starfshæfni	26
6. Færni umsækjenda til að semja dóma	27
7. Niðurstaða dómnefndar	28

1. Umsækjendur

Með bréfi 22. apríl 2026 fór dómsmálaráðuneyti þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Hæstarétt Íslands. Embættið var auglýst laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 27. mars 2026.

Umsækjendur um embættin eru landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Eyvindur G. Gunnarsson.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða dómsmálaráðuneytis var sú að umsækjendur uppfylltu þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Dómnefnd skal samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögunum skal í umsögninni tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. g. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til

að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir m.a.: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um

að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dórnafnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Málsmeðferð dórnafndar

Við meðferð máls skipuðu eftirtalin dórnafndina: Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjendum var sent tölvubréf 22. apríl 2026 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldu

þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir um sérstakt hæfi nefndarmanna.

Í framangreindri auglýsingu frá 27. mars 2026 var meðal annars áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembætti upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Í þeim tilvikum sem umsækjendur tilgreindu sömu umsagnaraðila og höfðu nýlega veitt dómnefnd umsagnir um þá í fyrri matsferlum voru þær umsagnir lagðar til grundvallar að ósk umsækjendanna. Í öðrum tilvikum var aflað nýrra umsagna.

Dómnefnd gaf umsækjendum kost á að koma til viðtals við nefndina. Átti nefndin viðtöl við þá umsækjendur sem þess óskuðu 6. maí 2026.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 9. júní 2026, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 15. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort þau hygðust gera athugasemdir og að þær yrðu þá sendar sem fyrst. Tveir umsækjendur gerðu athugasemdir við drögin sem leiddu til smávægilegra breytinga á orðalagi og röðun í einum flokki. Það hafði þó ekki áhrif á heildarniðurstöðu nefndarinnar.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. og 6. kafli hafa að geyma mat dómnefndar á hæfni þeirra á grundvelli þeirra megin-sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum kafla eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda og þeim gögnum sem þeir létu dómnefnd í té. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Aðalsteinn E. Jónasson er fæddur 18. desember 1966 og er því 59 ára. Hann lauk embættisprófi frá Lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Harvard háskóla í Bandaríkjunum í júní 2000. Hann stundaði doktorsnám við Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla á árunum

2008 til 2010. Auk þessa hefur hann sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í febrúar 1993 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti í október 1998. Þá fékk hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu en frá 1993 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Vorið 2000 hóf hann störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem við sameiningu síðar það ár varð Íslandsbanki-FBA hf. Árið 2002 varð hann lektor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík í 50% starfshlutfalli. Lét hann þá af störfum hjá Íslandsbanka-FBA hf. en sinnti lögmennsku samhliða starfi lektors til ársins 2004. Sama ár hóf hann störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums Fjárfestingabanka hf. samhliða stöðu sinni sem lektor. Í september 2006 hætti hann störfum hjá Straumi og varð framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. í október 2006 og starfaði þar til ársloka 2007. Á árinu 2007 fékk hann framgang í stöðu dósentis við Lagadeild Háskólans í Reykjavík og sinnti því í fullu starfi. Hann starfaði hjá Lagadeild Háskólans í Reykjavík til ársins 2010. Við deildina annaðist hann fyrst og fremst kennslu í kröfurétti og verðbréfamarkaðsrétti en jafnframt í fleiri greinum. Hann tók þátt í innra starfi Lagadeildar Háskólans í Reykjavík og sat í kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði. Hann var formaður stjórnar Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík árin 2003 til 2007 og forstöðumaður sömu stofnunar frá 2007 til 2011. Hann var stundakennari við Lagadeild Háskóla Íslands 2001 til 2002 og hefur verið leiðbeinandi við gerð lokaritgerða nemenda við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Umsækjandinn annaðist kennslu í aðfarargerðum á námskeiðum til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður frá 2001 til 2005 og námskeiðum til öflunar réttinda sem verðbréfamíðlari frá 2000 til 2001. Í janúar 2010 hóf hann á ný störf sem lögmaður og starfaði við lögmennsku til ársloka 2017. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og hefur gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Umsækjandinn var settur dómari við Hæstarétt í sjö málum árið 2018 og í einu máli árið 2023. Þá hefur hann verið varadómandi við Endurupptökudóm frá 1. febrúar 2021. Hann hefur ritað fjórar bækur, þar af eina í samvinnu við annan höfund. Þá hefur hann ritað tvo bókarkafla og 19 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni. Eru þessi

fræðaskrif einkum á sviði verðbréfamarkaðsréttar, fjármagnsmarkaðsréttar og viðskipta með fjármálagerninga. Umsækjandinn var varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 til júlí 2020, formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009 til 2013, sérfræðingur hjá rannsóknarnefnd Alþingis frá apríl 2009 til mars 2010 og var í tvígang á árinu 2009 settur *ad hoc* sem formaður nefndar um dómarastörf. Hann sat í stjórnnum tveggja einkafyrirtækja á árunum 2012 til 2017 og var formaður stjórnar annars þeirra. Þá sat hann í stjórn lögmannsstofu frá 2011 til 2015. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann hefur setið í réttarfarsnefnd frá 1. mars 2021, var skipaður árið 2001 í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og hefur komið að samningu annarra lagafrumvarpa, var í stjórn Lögmannafélags Íslands frá 2001 til 2003 og í laganefnd félagsins á árunum 1996 til 1999. Þá sat hann í laganefnd European Banking Federation frá 2000 til 2002. Umsækjandinn hefur setið í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu frá árinu 2009 og í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007.

Ásgerður Ragnarsdóttir er fædd 7. október 1979 og er því 46 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2004 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Cambridge-háskóla í júní 2008. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum árið 2005 og fyrir Hæstarétti árið 2016. Að auki hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneyti frá júní 2004 til desember 2005. Frá þeim tíma til ágúst 2007 og aftur frá júlí 2008 til september sama ár starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt. Frá september 2008 til byrjunar árs 2018 starfaði hún sem lögmaður á lögmannsstofu, þar af sem meðeigandi frá janúar 2012. Í janúar 2018 var hún skipuð dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún var auk þess tímabundið forseti Félagsdóms frá september 2021 til loka október 2022 en var skipuð forseti dómsins ótímabundið frá 1. nóvember 2022. Umsækjandinn var settur dómari við Landsrétt frá 8. maí 2023 í leyfi frá störfum héraðsdómara og 21. ágúst 2023 var hún skipuð dómari við Landsrétt. Hún hafði áður setið sem varadómari í réttinum í fjórum málum og hefur einu sinni verið skipuð gerðardómari í máli hjá Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands. Þá var hún skipuð varadómari við EFTA-dómstólinn til þriggja ára frá 1. júlí 2025. Umsækjandinn hefur verið nefndarmaður í

nefnd dómstólasýslunnar um réttarfar og skilvirkni dómstóla frá apríl 2026, var varamaður í óbyggðanefnd frá apríl 2021 til ágúst 2023 þar sem hún sat í þremur málum, sat í kærunefnd útboðsmála árin 2013 til 2021, þar af sem formaður frá apríl 2019, var varamaður í úrskurðarnefnd velferðarmála 2016 til 2020 og í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2009 til loka árs 2017. Hún sat í siðareglunefnd Lögmannafélags Íslands frá maí 2016 til janúar 2018. Auk þessa var hún ritari nefndar forsætisráðherra um viðurlög við afbrotum árin 2004 til 2006, ritari kærunefndar útboðsmála árin 2005 til 2007, ritari refsiréttarnefndar árin 2006 til 2007 og sat í endurupptökunefnd í tæpt ár 2016 til 2017. Umsækjandinn hefur verið aðjúnkt við Lagadeild Háskóla Íslands frá febrúar 2017 en þar á undan hafði hún sinnt stundakennslu við deildina frá árinu 2009. Kennslugreinar hennar eru meðal annarra eignaréttur, evrópskar mannréttindareglur, réttarfar og stjórnskipunarréttur. Hún hafði umsjón með ritun BA-ritgerða við sama skóla frá 2006 til 2012, hefur verið prófdómari við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og kennt á námskeiðum á vegum Lögmannafélags Íslands og dómstólasýslunnar. Umsækjandinn ritaði ritrýnda fræðibók ásamt öðrum. Hún hefur skrifað tvo ritrýnda bókarkafla og fimm ritrýndar fræðigreinar sem hún ritaði með öðrum. Eru þessi fræðiskrif einkum á sviði eignaréttar, auk umhverfisréttar og réttarfars. Hún hefur flutt nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni á opinberum vettvangi. Umsækjandinn sat í ritstjórn tímaritsins Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu árin 2013 til 2017, ritnefnd Afmælisrits Hæstaréttar frá lokum árs 2016 til 2021, ritrýninefnd vefrits Úlfliðs frá 2017 til 2020 og hefur setið í fræðilegri ritstjórn Úlfliðs frá febrúar 2020. Þá sat hún í starfshópi á vegum dómsmálaráðuneytisins sem var ætlað að vinna tillögu að frumvarpi til nýrra laga um framkvæmd eignarnáms, auk þess sem hún hefur komið að gerð annarra lagafrumvarpa.

Eiríkur Jónsson er fæddur 12. febrúar 1977 og er því 49 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2002, viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Harvard-háskóla árið 2006 og doktorsgráðu frá Lagadeild Háskóla Íslands árið 2011. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 2003. Auk þessa hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni hérlandis og erlendis. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu frá 2002

til 2007 að frátöldu því ári er hann dvaldi við nám í Bandaríkjunum. Umsækjandinn sinnti stundakennslu við Háskóla Íslands árin 2006 til 2007 samhliða lögmannsstörfum en var ráðinn aðjúnt árið 2007 og lektor í fullu starfi síðar sama ár. Hann hlaut framgang í starf dósent árið 2009 og í starf prófessors árið 2014 sem hann gegnir enn í hlutastarfi. Hann hefur leiðbeint fjölda nemenda við ritun meistararitgerða, auk þess að hafa verið meðleiðbeinandi doktorsnema í sameiginlegu doktorsnámi lagadeilda Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla og verið formaður doktorsnefndar hjá einum nemanda í doktorsnámi við Lagadeild Háskólans í Reykjavík. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landsrétt í ágúst 2019 og hefur frá 1. september 2024 verið varaforseti réttarins. Hann var sérfróður meðdómsmaður í einu máli á árinu 2012 og settur héraðsdómari í ellefu mánuði árið 2013. Að auki hefur hann fjórum sinnum verið varadómari í Hæstarétti. Umsækjandinn hefur oft verið dómkvaddur sem matsmaður, einkum til að meta afleiðingar líkamstjóns í skaðabótamálum. Hann var ritari kærunefndar útboðsmála árin 2002 til 2005, var varamaður í nefndinni árin 2013 til 2019 og aðalmaður frá 2019 til 2021 og starfaði þá sem varaformaður. Hann var formaður fjölmiðlanefndar frá 2011 til 2013 í eitt og hálft ár, formaður áfrýjunarnefndar neytendamála árin 2009 til 2013, formaður úrskurðarnefndar um Viðlagatryggingu Íslands 2010 til 2018 og formaður úrskurðarnefndar náttúruhamfaratrygginga frá því ári til 2022. Þá var hann varamaður í endurupptökunefnd frá 2017 til 2019. Kom meðal annars í hans hlut að semja úrskurði þeirra þriggja nefnda sem síðast var getið. Á árunum 2012 til 2016 var hann formaður rannsóknarnámsnefndar Lagadeildar Háskóla Íslands sem fylgdi jafnframt seta í vísindanefnd félagsvísindasviðs skólans. Þá var umsækjandinn varaforseti Lagadeildar 2016 til 2018 og forseti deildarinnar frá 1. júlí 2018 til 1. september 2019, jafnframt því sem hann sat í stjórn Félagsvísindasviðs. Frá 2018 til 2019 var hann stjórnarformaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og formaður nefndar um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis sem skipuð var af forsætisráðherra. Árið 2008 var hann settur skrifstofustjóri í umhverfísráðuneyti í þremur málum og settur formaður gjafsóknarnefndar í einu máli 2014. Hann hefur ritað bók, sem byggð er á doktorsritgerð hans, og átta bækur ásamt öðrum. Auk þess hefur hann ritað fjóra bókarkafla á ensku, þar af einn sem

meðhöfundur, og tuttugu og átta ritrýndar greinar en sjö þeirra eru ritaðar með einum meðhöfundi og ein þeirra með tveimur. Eru þessi fræðiskrif einkum á sviði stjórnskipunarréttar, bótaréttar, fjölmiðlaréttar og opinbers markaðseftirlits. Þá getur hann í umsókn sinni um fjölmarga fyrirlestra sem hann hefur flutt um lögfræðileg efni við hin ýmsu tilefni og skýrslu sem hann vann, ásamt öðrum, um stöðu neytendamála á Íslandi. Þar kemur jafnframt fram að hann hefur tekið þátt í ýmsu alþjóðasamstarfi, t.d. í samstarfsverkefni fræðimanna á sviði fjölmiðlaréttar á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum sem hlaut Nordplus styrk, samnorrænu verkefni á sviði samningaréttar sem og evrópsku samstarfsverkefni er laut að vernd mannréttinda á internetinu en verkefnið hlaut COST-styrk frá Evrópusambandinu. Umsækjandinn sinnti um tíma ritstjórn dómareifana Mannréttindadómstóls Evrópu, var fræðilegur ritstjóri Úlfliðs frá 2014 til 2017 og sat í ritstjórn alþjóðlegrar bókar sem var gefin út árið 2018. Hann hefur einnig komið að samningu fjölmargra lagafrumvarpa og setningu reglna innan Háskóla Íslands.

Eyvindur G. Gunnarsson er fæddur 31. ágúst 1970 og er því 55 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1996 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Duke-háskóla í Bandaríkjunum vorið 1998. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1997 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti árið 2006. Auk þessa hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni héraðs og erlendis. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem deildarstjóri í umhverfissráðuneyti frá 1996 til 1997. Hann starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1998 til 2000 og á sama ári sem deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2000 til 2006 en hefur frá þeim tíma starfað við Lagadeild Háskóla Íslands. Þar var hann lektor frá 2006 til 2010, dósent frá 2010 til 2013 en hefur frá þeim tíma verið prófessor, þar af forseti Lagadeildar Háskóla Íslands frá 2013 til 2016. Umsækjandinn var settur dómari við Landsrétt frá 1. október 2024 og síðan skipaður dómari við réttinn 24. október 2025, auk þess sem hann er í 30% stöðu prófessors þessu samhlíða. Þá var hann á árinu 2018 settur dómari í tíu málum í Hæstarétti og tók sæti í einu máli fyrir Landsrétti áður en hann hlaut setningu í embættið. Auk fyrrgreindra starfa við kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands frá 2006 var umsækjandi stundakennari við deildina frá 1999 til 2006. Helstu kennslugreinar

hans hafa verið kröfuréttur, samningaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur, félagaréttur og eignaréttur. Þá kenndi hann á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður frá 2007 til 2021 og á námskeiði til löggildingar fasteignasala frá 1998 til 2022. Hann hefur frá 1998 leiðbeint fjölda nemenda við meistararitgerðir. Hann hefur ritað eina bók þar sem hann er einn höfundur og fimm bækur ásamt öðrum. Þá hefur hann birt yfir 40 greinar og bókarkafli á sviði lögfræði, þar af eru flestar greinanna ritrýndar og 13 þeirra með öðrum höfundum. Eru þessi fræðiskrif einkum á sviði eignaréttar og kröfuréttar. Þá hefur hann sinnt ritstjórn og tekið þátt í innra starfi Lagadeildar Háskóla Íslands. Meðal annars hefur hann setið í stjórn Lagastofnunar, vísindanefndar Lagadeildar og í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora en einnig verið formaður kærunefndar í málefnum nemenda við skólann. Af öðrum aukastörfum hans má nefna að hann var varamaður í endurupptökunefnd frá 2013 til 2017 þar sem hann tók þátt í afgreiðslu nokkurra mála. Hann hefur verið gerðarmaður í fimm málum, meðal annars Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands og í gerðardómi á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands. Einnig var hann dómandi við Endurupptökudóm á tímabilinu 2021 til 2024. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála frá 2007 til 2013 og sem formaður í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlara, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða frá 2013 til 2024. Hann sat í stjórn Löggildingarstofu frá 2003 til 2005, var formaður stjórnar Happraðttis Háskóla Íslands frá 2007 til 2023. Hann var varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins frá 2005 til 2013 og aðalmaður frá 2013 til 2017, þar af stjórnarformaður frá 2014 til 2015. Þá var hann lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 og nefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árunum 2007 til 2014, þar af sem formaður 2013 til 2014 og hefur komið að vinnu við á annan tug lagafrumvarpa, bæði einn, í samvinnu við aðra og sem starfsmaður nefnda sem hafa undirbúið þau.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 50/2016 er í átta töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti hæstaréttardómara þurfa að uppfylla til að skipa megí þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulið, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölulið, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölulið og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra, í samræmi við 3. gr. reglna nr. 970/2020, látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Enn fremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um embættið að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni hæstaréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2. Menntun og framhaldsmenntun

Aðalsteinn E. Jónasson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1992, viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Harvard-háskóla árið 2000 og lagði stund á doktorsnám við Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla á árunum 2008 til 2010. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni.

Ásgerður Ragnarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2004 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Cambridge-háskóla á Englandi árið 2008. Að auki hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni.

Eiríkur Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2002, viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum árið 2006 og doktorsprófi frá Lagadeild Háskóla Íslands árið 2011. Að auki sótti hann sex vikna námskeið í lagaensku við Boston-háskóla sumarið 2005 og jafnframt ýmis námskeið um lögfræðileg efni.

Eyvindur G. Gunnarsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Duke-háskóla í Bandaríkjunum árið 1998. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni.

5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur *Eiríkur* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti en hann hefur viðbótarmeistaragráðu frá erlendum háskóla og doktorsgráðu frá Lagadeild Háskóla Íslands. Að mati dómnefndar eru ekki efni til að gera upp á milli *Aðalsteins*, *Ásgerðar* og *Eyvindar* í þessum matsþætti sem öll hafa lokið viðbótarmeistaragráðu í lögum við erlendan háskóla. Þess má þó geta að *Aðalsteinn* hefur að auki lagt stund á doktorsnám sem ekki er lokið.

5.3. Reynsla af dómstörfum

Aðalsteinn E. Jónasson hefur verið dómari við Landsrétt frá 1. janúar 2018, eða í átta og hálft ár. Hann var settur dómari við Hæstarétt í sjö málum árið 2018 og í einu máli árið 2023. Þá hefur hann verið varadómandi við Endurupptökudóm frá 1. febrúar 2021 og setið þar í 18 málum.

Ásgerður Ragnarsdóttir var aðstoðarmaður hæstaréttardómara í alls tvö ár. Hún var héraðsdómari í um fimm og hálft ár, frá ársbyrjun 2018 til maí 2023, og hefur verið dómari við Landsrétt frá þeim tíma. Fyrst sem settur dómari í um þrjá mánuði en skipaður dómari frá ágúst 2023 eða í um þrjú ár. Frá hausti 2021 hefur hún verið forseti Félagsdóms og samið drög að atkvæði í 45 málum. Þá var hún skipuð varadómari við EFTA-dómstólinn til þriggja ára 1. júlí 2025. Áður en hún var settur dómari við Landsrétt tók hún sæti sem settur dómari í fjórum málum. Þá var hún gerðardómari í einu máli á árinu 2021.

Eiríkur Jónsson hefur verið dómari við Landsrétt frá ágúst 2019, eða í tæp sjö ár, og hefur frá 1. september 2024 gegnt stöðu varaforseta Landsréttar. Hann var settur héraðsdómari í ellefu mánuði árið 2013 og hefur fjórum sinnum setið sem varadómari í Hæstarétti. Þá tók hann sæti sem sérfróður meðdómsmaður í einu máli í héraði.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur verið dómari við Landsrétt frá 1. október 2024, fyrst sem settur dómari en sem skipaður dómari frá 24. október 2025, samtals í tæp tvö ár. Að auki hefur hann verið settur varadómari í einu máli við réttinn. Þá var hann settur dómari við Hæstarétt í tíu málum árið 2018. Hann var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur um tveggja ára skeið frá 1998 til 2000 og dómandi við Endurupptökudóm frá ársbyrjun 2021 fram til 30. september 2024 og sat þar í 62 málum. Auk þess hefur hann verið gerðarmaður í fimm málum, þar af oddamaður í fjórum þessara mála og samdi atkvæði.

5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma þeirra sem skipaðra eða settra dómara þar sem þau leystu úr málum á eigin ábyrgð og við hvaða dómstóla þau hafa starfað. Í þessu felst að öðru jöfnu vegur starfreynsla á áfrýjunardómstigi þyngra en jafn löng starfsreynsla í héraðsdómi. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem dómarafulltrúar eða aðstoðarmenn dómara þótt þau störf hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara. Loks er í þessum matsþætti höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að

hafa setið sem varadómarar í einstökum málum í Hæstarétti og Landsrétti og tekið þátt í störfum annarra fjölskipaðra dómstóla, þ. á m. gerðardóma.

Samkvæmt framansögðu eru *Aðalsteinn*, *Ásgerður* og *Eiríkur* fremst í þessum matsþætti. *Aðalsteinn* hefur verið dómari við Landsrétt í rúmlega átta ár, varadómandi í Endurupptökudómi í rúm fimm ár og átta sinnum verið settur dómari við Hæstarétt við meðferð einstakra mála. *Ásgerður* hefur reynslu af því að vera héraðsdómari í fimm og hálft ár og hefur verið dómari við Landsrétt í um þrjú ár. Að auki hefur hún verið forseti Félagsdóms um nokkurra ára skeið, er varadómari við EFTA-dómstólinn og starfaði sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara í tvö ár. *Eiríkur* hefur verið landsréttardómari í tæp sjö ár og varaforseti réttarins frá september 2024, var settur héraðsdómari í tæpt ár og hefur tekið sæti í fjórum málum við Hæstarétt. Þar á eftir kemur *Eyvindur* en hann hefur verið dómari við Landsrétt í tæp tvö ár, aðstoðarmaður í héraðsdómi og dómandi við Endurupptökudóm auk þess að vera settur dómari við Hæstarétt í tíu málum.

5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Aðalsteinn E. Jónasson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1993 og Hæstarétti 1998. Að loknu embættisprófi árið 1992 hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu og frá 1993 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Árshlé varð á lögmannsstörfum vegna framhaldsnáms frá 1999 til 2000. Á tímabilinu frá 2000 til 2010 vann hann ýmist í hálfu eða fullu starfi sem lögmaður, þar á meðal hjá tveimur bönkum og fjárfestingafélagi meðfram störfum sínum við Háskólann í Reykjavík. Verður miðað við að sá þáttur sem snýr að lögmennsku á þessu tímabili hafi tekið yfir sem næst helming þess. Árið 2010 hóf hann að nýju störf sem lögmaður í fullu starfi. Reynsla hans í þessum matsþætti spannar því tæp 20 ár, þar af sem héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður í um 19 ár. Í umsókn getur hann þess að hann hafi flutt 77 mál munnlega og skriflega fyrir Hæstarétti á ólíkum réttarsviðum.

Ásgerður Ragnarsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2005 og fyrir Hæstarétti 2016. Hún starfaði sem lögmaður á lögmannsstofu á árunum 2008 til 2018 eða í tæp níu og hálft ár, þar af sem meðeigandi á stofunni frá 2012 til

2018. Í umsókn sinni greinir hún frá því að hún hafi flutt yfir 50 mál á ólíkum réttarsviðum, fyrir Hæstarétti og héraðsdómstólum.

Eiríkur Jónsson fékk leyfi til að starfa sem héraðsdómslögmaður 2003. Á árunum 2002 til 2007, að frátöldu því ári sem hann dvaldi við nám erlendis, starfaði hann á lögmannsstofu, fyrst sem fulltrúi og svo sem lögmaður í fjögur og hálft ár. Kveðst hann hafa flutt á þriðja tug mála fyrir héraðsdómstólum á ólíkum réttarsviðum.

Eyvindur G. Gunnarsson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1997 og Hæstarétti 2006. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður 2000 til 2006 eða í sex ár. Í umsókn hans er þess getið að hann hafi flutt um 50 mál fyrir dómi á ólíkum réttarsviðum.

5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Allir umsækjendur hafa fengist við lögmanns- og málflutningsstörf en í mislangan tíma. Við mat á umsækjendum í þessum matsþætti er litið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmenn, þar á meðal hvort þeir hafi haft réttindi til flutnings mála fyrir æðri dómi. Einnig er horft til þess hvort umsækjendur hafi unnið sjálfstætt að lögmannsstörfum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, hvort þeir hafi gert það samhliða öðrum störfum, hvort þeir hafi flutt mál fyrir dómstólum og hvort störf þeirra hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum eða einungis á afmörkuðum sviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmenn, hafi verið yfirgripsmikil eða flókin úrlausnar, eftir því sem ráða má af umsóknargögnum.

Með skírskotun til þess sem að framan segir stendur *Aðalsteinn* fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats en hann hefur starfað sem lögmaður ýmist að aðalstarfi eða í hlutastarfi og á þeim tíma sinnt málflutningi í um 19 ár. Því næst kemur *Ásgerður* sem starfaði sem lögmaður í um níu og hálft ár, þá *Eyvindur* sem starfaði sem lögmaður í um sex ár og loks *Eiríkur* sem starfaði ýmist sem fulltrúi eða lögmaður í um fjögur og hálft ár á lögmannsstofu.

5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Aðalsteinn E. Jónasson var varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 til júlí 2020 eða í 13 ár og tók við sem formaður stjórnar í forföllum formanns, eitt sinn um lengri tíma. Hann var formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva frá 2009 til 2013 en nefndin kvað upp þrjá úrskurði á tímabilinu. Þá hefur hann í tvígang verið settur formaður nefndar um dómastörf.

Ásgerður Ragnarsdóttir starfaði á árunum 2004 til 2005 í um eitt og hálft ár sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Hún var ritari kærunefndar úrboðsmála árin 2005 til 2007 og átti sæti í nefndinni á árabílinu 2013 til 2021, þar af sem formaður nefndarinnar frá 2019 til 2021. Hún sat í endurupptökunefnd 2016 til 2017. Þá tók hún sem varamaður í óbyggðanefnd sæti þar í þremur málum.

Eiríkur Jónsson var settur skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu 2008 í þremur málum og samdi úrskurði í þeim. Hann var ritari kærunefndar útboðsmála í þrjú ár og varamaður í nefndinni frá 2013 uns hann tók sæti aðalmanns í apríl 2019 til ársins 2021 og tók þátt í meðferð fjölda mála. Umsækjandinn var formaður fjölmiðlanefndar í eitt og hálft ár fyrst eftir stofnun hennar og tók á því tímabili þátt í samningu ákvarðana nefndarinnar. Umsækjandinn var formaður í áfrýjunarnefnd neytendamála um fimm ára skeið frá 2009 til 2013 og samdi á því tímabili drög að 71 úrskurði, formaður úrskurðarnefndar um Viðlagatryggingu Íslands í um átta ár, frá 2010 til 2018 og formaður úrskurðarnefndar náttúruhamfaratrygginga frá þeim tíma til 2022 og samdi á því tímabili drög að öllum úrskurðum þessara tveggja nefnda. Þá var hann varamaður í endurupptökunefnd frá 2017 til 2019. Hann hefur tekið þátt í stjórnsýslustörfum innan Háskóla Íslands og var forseti Lagadeildar um eins árs skeið og varaforseti deildarinnar frá 2016 til 2018. Þá var hann formaður rannsóknarnámsnefndar Lagadeildar í fjögur ár og sat í stjórn Félagsvísindasviðs. Þá hefur hann verið formaður gjafsóknarnefndar í einu máli.

Eyvindur G. Gunnarsson starfaði að loknu lagaprófi árið 1996 um rúmlega eins árs skeið í umhverfisráðuneyti þar sem meginhluti starfs hans fólst í að semja úrskurði á ábyrgð ráðherra í skipulags- og byggingarmálum og málum vegna mats á

umhverfisáhrifum, alls um 20 úrskurði. Hann starfaði á árinu 2000 í um sex mánuði sem sérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sem fólst að miklu leyti í undirbúningi lagasetningar. Á árinu 2002 sat hann í samkeppnisráði *ad hoc* í tveimur málum. Hann var framkvæmdastjóri prófnefndar löggiltra fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala árin 1998 til 2003 og sat í nefndinni árin 1999 til 2004. Hann var stjórnarformaður Flutningsjöfnunarsjóðs sements árin 2002 til 2004 og sat í stjórn Löggildingarstofu árin 2003 til 2005. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála frá 2007 til 2013 og sat þar í 90 málum. Þá var hann varamaður í endurupptökunefnd frá 2013 til 2017 og tók þar sæti í nokkrum málum. Hann sat í stjórn Samkeppniseftirlitsins, sem varamaður árin 2005 til 2013 og aðalmaður árin 2013 til 2017, þar af sem stjórnarformaður frá 2014 til 2015. Árin 2013 til 2017 sat hann í prófnefnd verðbréfavíðskipta. Þá var hann forseti Lagadeildar Háskóla Íslands um þriggja ára skeið frá 2013 til 2016. Hann hefur frá 2013 setið í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða og verið formaður hennar frá 2015, formaður viðurlaganefndar Nasdaq Iceland hf. frá 2013 og formaður fastanefndar dómsmálaráðuneytis á sviði happdrættismála frá 2007. Að auki hefur hann gegnt ýmsum stjórnsýslustörfum innan Háskóla Íslands, svo sem formennsku í stjórn Happdrættis Háskóla Íslands í um 16 ár, setið í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands í sex ár, varamaður í háskólaráði og setið í kærunefnd í málefnum nemenda skólans. Auk þess hefur hann setið í vísindanefnd Lagadeildar Háskóla Íslands, vísindanefnd félagsvísindasviðs hans, jafnréttisnefnd sama sviðs, dómnefndum, prófnefndum og valnefndum.

5.5.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum. Í sumum tilvikum hafa stjórnsýsluverkefni verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki jafn þungt við mat á hæfni vegna stjórnsýslureynslu og ef um aðalstarf hefði verið að ræða. Þó skiptir máli hversu vel reynsla í slíkum störfum nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum. Eins og endranær verður litið til

framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma. Tekið skal fram að reynsla af stjórnun er sérstakur matsþáttur.

Samkvæmt framansögðu hafa *Ásgerður* og *Eyvindur* haft störf innan stjórnsýslu að aðalstarfi og að auki sinnt aukastörfum innan stjórnsýslu, meðal annars með setu í úrskurðarnefndum. Standa þau því fremst umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Skammt á eftir þeim koma jafnsettir *Aðalsteinn* og *Eiríkur* sem einnig hafa sinnt veigamiklum aukastörfum innan stjórnsýslu, þar á meðal með setu í úrskurðarnefndum og stjórnun stofnana.

5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Aðalsteinn E. Jónasson var lektor í hálfu starfi við Lagadeild Háskólans í Reykjavík árin 2002 til 2006, en í fullu starfi í fimm mánuði 2007. Frá ársbyrjun 2008 til miðs árs 2011 var hann dósent í fullu starfi við deildina. Þar annaðist umsækjandinn fyrst og fremst kennslu í samninga-, skaðabóta- og kröfurétti annars vegar og verðbréfamarkaðsrétti hins vegar. Þá hafði hann umsjón með BA-ritgerðum og meistararitgerðum auk þess sem hann var reglulega prófdómari á þessu tímabili. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá Lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann stundakennari við Lagadeild Háskóla Íslands 2001 til 2002 auk þess að hafa umsjón með lokaritgerðum. Hann annaðist kennslu á námskeiðum Lögmannafélags Íslands og á námskeiði fyrir verðbréfamíðlara frá 2000 til 2003. Kennsluferill umsækjandans spannar þannig níu ár, þar af fjögur ár í fullu starfi.

Ásgerður Ragnarsdóttir hefur sinnt stundakennslu við Lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2009 og hafa aðalkennslugreinar hennar verið eignaréttur, mannréttindi, réttarfar og stjórnskipunarréttur. Frá 2017 hefur hún verið aðjúntkt við deildina. Jafnframt hefur hún leiðbeint nemendum við skrif BA-ritgerða, verið prófdómari við Lagadeildina og Lagadeild Háskólans í Reykjavík, auk þess sem hún hefur kennt lögfræði á ýmsum námskeiðum á vegum Lögmannafélags Íslands og dómstólasýslunnar.

Eiríkur Jónsson sinnti stundakennslu við Lagadeild Háskóla Íslands árin 2006 til 2007, var ráðinn aðjúntkt vorið 2007 og lektor í fullu starfi frá hausti sama ár. Hann

hlaut framgang í starf dósents 2009 og í starf prófessors frá miðju ári 2014 sem hann gegnir enn í hlutastarfi. Hann hefur því sinnt kennslu við lagadeild í háskóla í tvo áratugi þar af í fullu starfi í 12 ár. Hann hefur fengist við kennslu í ýmsum greinum lögfræðinnar, svo sem bótarétti, stjórnskipunarrétti, stjórnsýslurétti og kröfurétti. Auk þess hefur hann leiðbeint fjölda nemenda við ritun meistararitgerða, verið meðleiðbeinandi hjá einum doktorsnema og formaður doktorsnefndar hjá einum doktorsnema.

Eyvindur G. Gunnarsson hóf haustið 1999 kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands sem stundakennari. Hann varð í ársbyrjun 2005 lektor við deildina, fyrst í hlutastarfi, en í fullu starfi í árslok 2006, dósent árið 2010 og prófessor frá árinu 2013. Frá 1. október 2024 hefur hann sinnt stöðu prófessors í hlutastarfi. Helstu kennslugreinar hans hafa verið kröfuréttur, samningaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur, félagaréttur og eignaréttur. Þá kenndi hann á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður frá 2007 til 2021 og í námi til löggildingar fasteignasala frá 1998 til 2022. Auk þess hefur hann leiðbeint fjölda nemenda við meistararitgerðir á háskólastigi.

5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Pegar horft er til þess sem að framan er rakið hefur *Eyvindur* sinnt kennslu í tæp 27 ár. Hann hefur verið í fullu starfi sem háskólakennari í rúm 17 ár, þar af sem prófessor síðan 2013. Stendur hann öðrum umsækjendum því framar í þessum matsþætti. Skammt á eftir honum kemur *Eiríkur* en hann hefur sinnt kennslu í lögfræði á háskólastigi í um tvo áratugi, þar af í fullu starfi í 12 ár og sem prófessor frá 2014. Þá *Aðalsteinn* sem var lektor í hálfu starfi árin 2002 til 2006, en í fullu starfi í fimm mánuði 2007 og frá ársbyrjun 2008 til 2011 dósent í fullu starfi. Loks kemur *Ásgerður* sem hefur fengist við stundakennslu í háskólum meðfram aðalstarfi í um 17 ár, þar af sem aðjúnkt síðastliðin níu ár.

5.6.2. Fræðibækur, -greinar o.fl.

Aðalsteinn E. Jónasson hefur gefið út þrjár bækur um lögfræðileg efni, auk annarrar með meðhöfundum. Þá hefur hann ritað þrjá bókakafla um lögfræðileg efni sem hafa verið birtir í íslenskum og erlendum ritum og 19 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni. Fræðiskrif hans eru einkum á sviði fjármunaréttar, fjármálamarkaða, verðbréfavíðskipta og tengdra greina. Umsækjandinn hefur setið í ritrýnnefnd Tímarits Lögrétts frá árinu 2009 og í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007.

Ásgerður Ragnarsdóttir hefur gefið út bók ásamt meðhöfundum um lögfræðileg efni. Einnig hefur hún ritað sjö fræðigreinar, þar af sex ásamt öðrum, og tvo bókakafla og eru fimm af þessum fræðiskrifum ritrýnd. eru þau einkum á sviði eignarréttar auk umhverfisréttar og réttarfars. Jafnframt hefur hún ritað fræðilega álitsgerð og haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni á opinberum vettvangi. Umsækjandinn ritnefnd Afmælisrits Hæstaréttar frá lokum árs 2016 til 2021, ritrýnnefnd vefrits Úlfjólts frá 2017 til 2020 og hefur setið í fræðilegri ritstjórn Úlfjólts frá febrúar 2020.

Eiríkur Jónsson hefur ritað bók sem byggð er á doktorsritgerð hans. Þá hefur hann ritað átta ritrýndar bækur ásamt öðrum. Sjö þeirra eru ritaðar ásamt öðrum höfundum og ein ásamt tveimur. Auk þess hefur umsækjandinn ritað fjóra bókakafla á ensku, þar af einn ásamt meðhöfundum. Umsækjandinn hefur ritað tuttugu og átta ritrýndar greinar, en sjö þeirra eru ritaðar með meðhöfundum. Lögfræðiskrif umsækjandans eru einkum á sviði stjórnskipunaréttar og þar á meðal mannréttinda, stjórnarfararéttar, en einnig samningaréttar, bótaréttar, váttryggingaréttar, fjölmiðlaréttar, neytendaréttar og viðskipta- og markaðsréttar. Hann hefur flutt fjölda fræðilegra fyrirlestra á fundum, ráðstefnum og í háskólum og einnig á erlendum vettvangi. Þá hefur hann tekið þátt í ýmsu alþjóðasamstarfi, svo sem á sviði fjölmiðlaréttar og samningaréttar.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur ritað eina bók sem hann er einn höfundur að og fimm bækur ásamt tveimur meðhöfundum. Þá hefur hann ritað yfir 40 greinar og bókakafla í tímaritum og afmælisritum bæði hér á landi og erlendis, bæði einn og sem meðhöfundur, og eru flestar greinanna ritrýndar. Hann hefur flutt fjölda fræðilegra fyrirlestra á fundum, ráðstefnum og í háskólum og einnig á erlendum

vettvangi. Þá hefur hann tekið þátt í ýmsu alþjóðasamstarfi, svo sem á sviði fjölmiðlaréttar og samningaréttar.

5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra, fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til þess hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum og erindum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Við mat í þessum þætti er litið til þess að rannsóknir og útgáfa þriggja umsækjenda, *Aðalsteins*, *Eiríks* og *Eyvindar*, hafa verið mjög umfangsmiklar en þær eru á ýmsum sviðum lögfræðinnar. Að gættu öllu því sem að framan er rakið teljast *Eyvindur* og *Eiríkur* fremstir í þessum matsþætti en mjög skammt þar á eftir kemur *Aðalsteinn*. Þá kemur *Ásgerður* sem hefur átt markvert framlag án þess þó að hafa haft akademísk störf að aðalstarfi.

5.7. Reynsla af stjórnun

Aðalsteinn E. Jónasson var stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins 1912 ehf., Nathans & Olsens hf., Ekrunnar ehf. og 1912 ehf. („1912 samstæðunnar“) á árunum 2012 til 2017. Hann var forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík árin 2007 til 2011 en hafði verið formaður stjórnar hennar frá 2003 til 2007. Frá 2000 var umsækjandinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Íslandsbanka-FBA hf. og gegndi því starfi til loka árs 2002. Árið 2004 var hann ráðinn sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Straumi-Burðarási hf. og gegndi því starfi samhliða því að vera lektor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík til september 2006. Samhliða kennslu og rannsóknum við háskólann starfaði hann sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. frá október 2006 til ársloka 2007. Hann var varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 til júlí 2020, settur formaður nefndar um dómarastörf

ad hoc í tveimur málum 2009 og formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva árin 2009 til 2013. Hann sat í stjórn lögmannsstofu frá 2011 til 2015 og frá nóvember 2016 til 2017 var hann einn stjórnarmanna í Fossum mörkuðum hf. sem er verðbréfafyrirtæki.

Ásgerður Ragnarsdóttir var meðeigandi og kom að stjórnun á lögmannsstofu í um sex ár. Hún var formaður kærunefndar útboðsmála frá 2019 til 2021 og hefur verið forseti Félagsdóms frá 2021.

Eiríkur Jónsson var formaður áfrýjunarnefndar neytendamála frá 2009 til 2013, fjölmiðlanefndar frá 2011 til 2013, úrskurðarnefndar um Viðlagatryggingu Íslands frá 2010 til 2018, úrskurðarnefndar náttúruhamfaratrygginga frá 2018 til 2022 og rannsóknarnámsnefndar Lagadeildar Háskóla Íslands frá 2012 til 2016. Hann var varaforseti deildarinnar frá 2016 til 2018, forseti hennar frá 1. júlí 2018 til 1. september 2019 og stjórnarformaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands um eins og hálf árs skeið frá 2018 þar til hann var skipaður landsréttardómari í ágúst 2019. Umsækjandinn hefur verið varaforseti Landsréttar frá 1. september 2024 og var formaður nefndar um umbætur á sviði tjáningarfrelsis sem skipuð var af forsætiráðherra frá 2018 til 2019.

Eyvindur G. Gunnarsson var deildarforseti Lagadeildar Háskóla Íslands 2013 til 2016, varaformaður Lagastofnunar 2011 til 2014 og aftur 2017 til 2024, stjórnarformaður Happraættis Háskóla Íslands 2007 til 2023. Hann sat í fjögur ár í aðalstjórn Samkeppniseftirlitsins, þar af sem formaður um eins árs skeið og átta ár í varastjórn stofnunarinnar. Árið 2013 til 2024 var hann formaður ráðgjafarnefndar Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða og formaður viðurlaganefndar Nasdaq Iceland hf. frá 2013 til 2024.

5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf

hæstaréttardómara. Þá skiptir sömuleiðis máli hve lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Samkvæmt framansögðu standa fremstir í þessum matsþætti og jafnsettir *Aðalsteinn, Eiríkur* og *Eyvindur* sem allir hafa sinnt umfangsmiklum og fjölbreyttum stjórnunarstörfum. Loks kemur *Ásgerður*.

5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í störfum við Hæstarétt að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7.

Aðalsteinn E. Jónasson var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp er varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hann var í laganefnd European Banking Federation frá 2000 til 2002. Þá sat hann í laganefnd Lögmannafélags Íslands frá 1996 til 1999 og hefur setið í réttarfarsnefnd frá 1. mars 2022. Frá apríl 2009 til mars 2010 starfaði hann fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sem hafði það hlutverk að rannsaka aðdraganda og orsakir falls bankanna haustið 2008. Þá hefur hann komið að samningu ýmissa lagafrumvarpa.

Ásgerður Ragnarsdóttir kom að undirbúningi lagasetningar meðan hún starfaði hjá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Hún var ritari nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum sem forsætisráðherra skipaði árið 2004 og ritari refsiréttarnefndar frá 2006 til 2007. Þá sat hún í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá 2009 til ársloka 2017 og í siðareglunefnd Lögmannafélags Íslands frá 2016 til 2018. Frá apríl 2026 hefur umsækjandinn setið í nefnd dómstólasýslunnar um réttarfar og skilvirkni dómstóla. Þá hefur hún komið að samningu lagafrumvarps eftir að hún lét af störfum í ráðuneyti.

Eiríkur Jónsson vann á árinu 2017 að samningu frumvarps til skaðabótalaga fyrir innanríkisráðuneyti. Þá sat hann í starfshópi til að semja frumvarp til laga um sanngirnisbætur. Enn fremur hefur hann samið eða borið höfuðábyrgð á samningu 13

frumvarpa til laga og stýrt og setið í vinnuhópum sem unnið hafa að slíkum breytingum, meðal annars nefnd um umbætur á sviði tjáningarfrelsis. Efni frumvarpanna eru meðal annars bætur vegna ærumeiðinga og vernd uppljóstrara, auk frumvarpa til breytinga á ýmsum lögum, svo sem almennum hegningarlögum, stjórnsýslulögum og upplýsingalögum. Þá hefur umsækjandinn komið að samningu reglna innan Háskóla Íslands. Hann hefur verið dómkvaddur sem matsmaður eða yfirmatsmaður í fjölda mála auk þess að hafa verið sérfræðivitni til að bera um inntak íslensks réttar fyrir erlendum dómstólum. Umsækjandinn starfaði fyrir rannsóknarnefnd Alþingis á árinu 2009 sem hafði það hlutverk að rannsaka aðdraganda og orsakir falls bankanna haustið 2008. Þá hefur hann samið ýmsar álitsgerðir og verið opinberum stofnunum til ráðgjafar.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur reynslu af samningu lagafrumvarpa fyrir ráðuneyti, ýmist einn eða með öðrum, auk þess sem hann hefur verið ráðuneytum óformlega til ráðgjafar við samningu lagafrumvarpa. Þá hefur hann setið í nefndum og verið starfsmaður nefnda sem hafa haft það hlutverk að semja lagafrumvörp. Hefur hann þannig komið að vinnu við 14 lagafrumvörp á ýmsum sviðum. Hann hefur verið dómkvaddur sem matsmaður eða yfirmatsmaður í um 60 málum. Einnig var hann margoft sérfræðivitni (um 20 mál) til að bera um inntak íslensks réttar fyrir erlendum dómstólum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008, fyrst og fremst í Bandaríkjunum og Englandi, en einnig í Lúxemborg, Hollandi, Kanada og Sviss. Einnig hefur hann tvívegis verið sérfræðivitni um íslenskan rétt fyrir gerðardómi Alþjóða verslunarráðsins (International Chamber of Commerce). Þá hefur hann samið fjölda álitsgerða, bæði fyrir opinberar stofnanir og einkaaðila, sem sumar hafa birst opinberlega. Hann var lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna. Jafnframt var hann lengi ráðgjafi Kauphallar Íslands (síðar Nasdaq Iceland), einkum í tengslum við bankahrunið.

5.8.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl. – samanburður*

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem stjórnarsýslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni þeirra til að gegna embætti dómara við Hæstarétt Íslands.

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið stendur *Eyvindur* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti en skammt þar á eftir koma jafnsettir *Aðalsteinn* og *Eiríkur* og loks *Ásgerður*.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

Hvað þennan þátt mats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði. Markmið með því mati er að kanna hvort umsækjandi hafi þau tæk á réttarfarsreglum að hann búi yfir þessari sérstöku starfshæfni sem fjallað er um í 4. tölulið 4. gr. reglnanna.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum hæstaréttardómara. Með tilliti til þeirra starfa, sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum, lítur dómnefnd eining svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjenda hvað þennan matsþátt varðar.

6. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er meðal annars vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Enn fremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans og stjórnisýsluúrskurðir sem og málflutningsskjöl geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita réttarheimildum og skýra lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einnig dóma Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017. Hefur nefndin lagt áherslu á það sjónarmið í mati sínu að horfa til færni umsækjenda til að nýta lögfræðilega þekkingu sína og starfsreynslu við úrlausn dómsmála. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvers og eins umsækjendanna sjö til að semja dóma.

Í auglýsingu um embættin var þess óskað að umsækjendur létu nefndinni meðal annars í té afrit dóma í munnlega fluttum málum sem þau hefðu samið atkvæði í síðustu tólf mánuði, afrit af stefnu og greinargerð í málum sem þau hefðu samið og flutt munnlega síðustu tólf mánuði, afrit af úrskurðum stjórnvalda sem þau hefðu samið síðustu tólf mánuði og útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum og þess jafnframt óskað að ritrýnd framlög væru auðkennd sérstaklega. Við þetta mat hefur nefndin horft til þeirra framlaga sem fylgdu umsóknum, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Þegar um dómsúrlausnir er að ræða er rétt að taka fram að hafi niðurstaða héraðsdóms eða Landsréttar verið staðfest af Landsrétti eða eftir atvikum Hæstarétti með vísan til forsendna ekki síst ef málið var tiltölulega flókið úrlausnar, gefur það

vísbendingu um að dómurinn eða úrskurðurinn hafi verið vel saminn. Á hinn bóginn sker það eitt ekki úr heldur getur dómur verið vel saminn og niðurstaða hans studd gildum lögfræðilegum rökum þótt niðurstaða æðri dóms hafi verið önnur og geta afdrif máls fyrir æðra dómi því ekki ráðið úrslitum við mat á hæfni umsækjenda að þessu leyti. Hinu sama gegnir við mat á málflutningsskjölum þar sem teflt er fram þeim sjónarmiðum sem eru hagfelldust umbjóðanda lögmanns og verða því takmarkaðri ályktanir dregnar af niðurstöðu dómstóla við mat þeirra í þessum matsþætti.

Að þessu virtu og með skírskotun til fyrrgreindra umsagna um framlög umsækjenda er það niðurstaða dómnefndar að allir umsækjendur búi yfir færni til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti. Það er einnig niðurstaða nefndarinnar að allir umsækjendur hafi sýnt fram á með framlögum sínum að þeir búi yfir góðri færni í þessum hluta matsins. Það er jafnframt niðurstaða hæfnisnefndar að ekki verði gert upp á milli umsækjenda í þessum hluta matsins.

7. Niðurstaða dómnefndar

Markmið með störfum dómnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða hverjir af fjórum umsækjendum um skipun í embætti hæstaréttardómara séu hæfastir til að gegna því embætti, eftir atvikum hvort þeir séu jafn hæfir til þess. Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020 sem og laga nr. 50/2016. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum við heildarmat dómnefndar.

Niðurstaða dómnefndar er enn fremur byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum hæstaréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytt, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að

beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði og hve langt er liðið frá því þeir gegndu slíkum störfum. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi. Mat nefndarinnar er heildarmat allra framangreindra matsþátta.

Eins og gerð er grein fyrir í kafla 6 er það mat dómnefndar að ekki verði gert upp á milli umsækjenda við mat á færni til að semja dóma. Í köflum 5.2. til 5.9. hér að framan hefur jafnframt verið fjallað um einstaka matsþætti þar sem reynsla af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og stjórnsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi hver þáttur um sig. Nefndarmenn hafa auk þess kynnt sér ítarlega umsóknir, ferilskrár, umsóknargögn og aðrar opinberar upplýsingar og byggir álit nefndarinnar í öllu verulegu á því sem þar kemur fram.

Þegar metið er heildstætt menntun, starfsferill og fræðileg þekking, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í störfum umsækjenda svo sem nefndinni ber að gera samkvæmt 4. gr. reglna nr. 970/2020 og með tilliti til þess sem fram kom í viðtölum er það mat nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjenda þegar lagt er heildarmat á þá þætti sem að framan eru raktir. *Aðalsteinn E. Jónasson* hefur starfað sem lögmaður um langt skeið á fjölbreyttu sviði. Þá hefur hann verið dómari við Landsrétt frá stofnun réttarins árið 2018 auk þess að vera skipaður dómandi við Endurupptökudóm. Þá var hann um árabíl í stjórn Persónuverndar og hefur verið akademískur starfsmaður lagadeildar. *Ásgerður Ragnarsdóttir* hefur starfað sem lögmaður á fjölbreyttu sviði. Hún hefur verið dómari við héraðsdóm og Landsrétt, er forseti Félagsdóms og varadómari við EFTA-dómstólinn. Hún hefur sinnt kennslu við háskóla og starfað innan stjórnsýslu. *Eiríkur Jónsson* hefur starfað sem lögmaður og verið formaður úrskurðarnefnda á sviði lögfræði. Hann hefur verið settur dómari við héraðsdóm og er nú dómari við Landsrétt og varaforseti réttarins. Auk þessa hefur hann verið akademískur starfsmaður lagadeildar og sat í stjórn Fjölmíðlanefndar. *Eyvindur G. Gunnarsson* hefur starfað sem lögmaður á fjölbreyttu sviði og verið formaður úrskurðarnefnda á sviði lögfræði. Hann er dómari við Landsrétt og var

skipaður dómandi við Endurupptökudóm. Þá hefur hann verið akademískur starfsmaður lagadeildar. Allir umsækjendur hafa komið að smíði lagafrumvarpa.

Þegar litið er heildstætt til allra framangreindra þátta og færni umsækjenda til að leysa úr málum sem koma til kasta Hæstaréttar er það mat dómnefndar að allir umsækjendur hafi öðlast þá fjölbreyttu lögfræðilegu þekkingu sem hæstaréttardómari þarf að hafa til að bera. Niðurstaða nefndarinnar er að *Aðalsteinn E. Jónasson, Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Eyvindur G. Gunnarsson* teljist jöfn í heildarmati nefndarinnar. Að mati hennar hafa þau sýnt sjálfstæði, hlutlægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og eiga auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þau hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Aðalsteinn E. Jónasson lauk embættisprófi frá Lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Harvard háskóla í Bandaríkjunum í júní 2000 og stundaði doktorsnám við Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla á árunum 2008 til 2010. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í febrúar 1993 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti í október 1998. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu en frá 1993 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Vorið 2000 hóf hann störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem við sameiningu síðar það ár varð Íslandsbanki-FBA hf. Árið 2002 varð hann lektor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík í 50% starfshlutfalli. Lét hann þá af störfum hjá Íslandsbanka-FBA hf. en sinnti lögmennsku samhliða starfi lektors til ársins 2004. Sama ár hóf hann störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums Fjárfestingabanka hf. Í október 2006 varð hann framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. og starfaði þar til ársloka 2007 þegar hann fékk framgang í stöðu dósents við Lagadeild Háskólans í Reykjavík sem hann sinnti í fullu starfi til ársins 2010. Hann var formaður stjórnar Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík árin 2003 til 2007 og forstöðumaður sömu stofnunar frá 2007 til 2011. Hann var stundakennari við Lagadeild Háskóla Íslands 2001 til 2002 og hefur verið leiðbeinandi við gerð lokaritgerða nemenda við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Í janúar 2010 hóf hann á ný störf sem lögmaður og starfaði við lögmennsku til ársloka 2017. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og

hefur gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Hann var settur dómari við Hæstarétt í sjö málum árið 2018 og í einu máli árið 2023. Þá hefur hann verið varadómari við Endurupptökudóm frá 1. febrúar 2021. Hann hefur ritað fjórar bækur, þar af eina í samvinnu við annan höfund. Þá hefur hann ritað tvo bókarkafla og 19 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni. Umsækjandinn var varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 til júlí 2020, formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009 til 2013 og sérfræðingur hjá rannsóknarnefnd Alþingis frá apríl 2009 til mars 2010. Hann sat í stjórnnum tveggja einkafyrirtækja á árunum 2012 til 2017 og formaður stjórnar annars þeirra. Þá sat hann í stjórn lögmannsstofu frá 2011 til 2015, hefur setið í réttarfarsnefnd frá 1. mars 2021, var skipaður árið 2001 í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og hefur komið að samningu annarra lagafrumvarpa, var í stjórn Lögmannafélags Íslands frá 2001 til 2003 og í laganefnd félagsins á árunum 1996 til 1999.

Ásgerður Ragnarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2004 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Cambridge-háskóla í júní 2008. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum árið 2005 og fyrir Hæstarétti árið 2016. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneyti frá júní 2004 til desember 2005. Frá þeim tíma til ágúst 2007 og aftur frá júlí 2008 til september sama ár starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt. Frá september 2008 til byrjunar árs 2018 starfaði hún sem lögmaður á lögmannsstofu, þar af sem meðeigandi frá janúar 2012. Í janúar 2018 var hún skipuð dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún var tímabundið forseti Félagsdóms frá september 2021 til loka október 2022 en skipuð forseti dómsins ótímabundið frá 1. nóvember 2022. Umsækjandinn var settur dómari við Landsrétt frá 8. maí 2023 í leyfi frá störfum héraðsdómara og 21. ágúst 2023 var hún skipuð dómari við Landsrétt. Hún hafði áður setið sem varadómari í réttinum í fjórum málum og hefur einu sinni verið skipuð gerðardómari í máli hjá Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands. Þá var hún skipuð varadómari við EFTA-dómstólinn til þriggja ára frá 1. júlí 2025. Umsækjandinn hefur verið nefndarmaður í nefnd dómstólasýslunnar um réttarfar og skilvirkni dómstóla frá apríl 2026, var varamaður í óbyggðanefnd frá apríl

2021 til ágúst 2023 þar sem hún sat í þremur málum, sat í kærunefnd útboðsmála árin 2013 til 2021, þar af sem formaður frá apríl 2019, var varamaður í úrskurðarnefnd velferðarmála 2016 til 2020 og í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2009 til loka árs 2017. Auk þessa var hún ritari nefndar forsætisráðherra um viðurlög við afbrotum árin 2004 til 2006, ritari kærunefndar útboðsmála árin 2005 til 2007, ritari refsiréttarnefndar árin 2006 til 2007 og sat í endurupptökunefnd í tæpt ár 2016 til 2017. Umsækjandinn hefur verið aðjúkt við Lagadeild Háskóla Íslands frá febrúar 2017 en þar á undan hafði hún sinnt stundakennslu við deildina frá árinu 2009. Hún hafði umsjón með ritun BA-ritgerða við sama skóla frá 2006 til 2012 og hefur verið prófdómari við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Umsækjandinn ritaði ritrýnda fræðibók ásamt öðrum. Hún hefur skrifað tvo ritrýnda bókarkafla og fimm ritrýndar fræðigreinar með öðrum. Umsækjandinn sat í ritstjórn tímaritsins Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu árin 2013 til 2017, ritnefnd Afmælisrits Hæstaréttar frá lokum árs 2016 til 2021, ritrýninefnd vefrits Úlfjóts frá 2017 til 2020 og hefur setið í fræðilegri ritstjórn Úlfjóts frá febrúar 2020. Þá sat hún í starfshópi á vegum dómsmálaráðuneytisins sem ætlað er að vinna tillögu að frumvarpi til nýrra laga um framkvæmd eignarnáms, auk þess sem hún hefur komið að gerð annarra lagafrumvarpa.

Eiríkur Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2002, viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Harvard-háskóla árið 2006 og doktorsgráðu frá Lagadeild Háskóla Íslands árið 2011. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 2003. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu frá 2002 til 2007 að frátöldu því ári er hann dvaldi við nám í Bandaríkjunum. Umsækjandinn sinnti stundakennslu við Háskóla Íslands árin 2006 til 2007 samhliða lögmannsstörfum en var ráðinn aðjúkt árið 2007 og lektor í fullu starfi síðar sama ár. Hann hlaut framgang í starf dósents árið 2009 og í starf prófessors árið 2014 sem hann gegnir enn í hlutastarfi. Hann hefur leiðbeint fjölda nemenda við ritun meistararitgerða, auk þess að hafa verið meðleiðbeinandi doktorsnema í sameiginlegu doktorsnámi lagadeilda Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla og verið formaður doktorsnefndar hjá einum nemanda í doktorsnámi við Lagadeild Háskólans í Reykjavík. Umsækjandinn var skipaður

dómari við Landsrétt í ágúst 2019 og hefur frá 1. september 2024 verið varaforseti réttarins. Hann var sérfróður meðdómsmaður í einu máli á árinu 2012 og settur héraðsdómari í ellefu mánuði árið 2013. Að auki hefur hann fjórum sinnum verið varadómari í Hæstarétti. Umsækjandinn hefur oft verið dómkvaddur sem matsmaður, einkum til að meta afleiðingar líkamstjóns í skaðabótamálum. Hann var ritari kærunefndar útboðsmála árin 2002 til 2005, var varamaður í nefndinni árin 2013 til 2019 og aðalmaður frá 2019 til 2021 og starfaði þá sem varaformaður. Hann var formaður fjölmiðlanefndar frá 2011 til 2013 í eitt og hálf ár, formaður áfrýjunarnefndar neytendamála árin 2009 til 2013, formaður úrskurðarnefndar um Viðlagatryggingu Íslands 2010 til 2018 og formaður úrskurðarnefndar náttúruhamfaratrygginga frá því ári til 2022. Þá var hann varamaður í endurupptökunefnd frá 2017 til 2019. Kom meðal annars í hans hlut að semja úrskurði þeirra þriggja nefnda sem síðast var getið. Á árunum 2012 til 2016 var hann formaður rannsóknarnámsnefndar Lagadeildar Háskóla Íslands sem fylgdi jafnframt seta í vísindanefnd félagsvísindasviðs skólans. Þá var umsækjandinn varaforseti Lagadeildar Háskóla Íslands frá 2016 til 2018 og forseti deildarinnar frá 1. júlí 2018 til 1. september 2019, jafnframt því sem hann sat í stjórn Félagsvísindasviðs. Frá 2018 til 2019 var hann stjórnarformaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og formaður nefndar um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis sem skipuð var af forsætisráðherra. Árið 2008 var hann settur skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti í þremur málum og settur formaður gjafsóknarnefndar í einu máli 2014. Hann hefur ritað bók, sem byggð er á doktorsritgerð hans, og átta bækur ásamt öðrum. Auk þess hefur hann ritað fjóra bókarkafla á ensku, þar af einn sem meðhöfundur, og tuttugu og átta ritrýndar greinar en sjö þeirra eru ritaðar með einum meðhöfundum og ein þeirra með tveimur. Hann hefur tekið þátt í ýmsu alþjóðasamstarfi, t.d. í samstarfsverkefni fræðimanna á sviði fjölmiðlaréttar á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum sem hlaut Nordplus styrk, samnorænu verkefni á sviði samningaréttar sem og evrópsku samstarfsverkefni er laut að vernd mannréttinda á internetinu en verkefnið hlaut COST-styrk frá Evrópusambandinu. Umsækjandinn sinnti um tíma ritstjórn dómareifana Mannréttindadómstóls Evrópu, var fræðilegur ritstjóri Úlfljóts 2014 til 2017 og sat í ritstjórn alþjóðlegrar bókar sem

var gefin út árið 2018. Hann hefur einnig komið að samningu fjölmargra lagafrumvarpa og setningu reglna innan Háskóla Íslands.

Eyvindur G. Gunnarsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1996 og viðbótarmeistaragráðu í lögum (LL.M.) frá Duke-háskóla í Bandaríkjunum vorið 1998. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1997 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti árið 2006. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem deildarstjóri í umhverfisráðuneyti frá 1996 til 1997. Hann starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1998 til 2000 og á sama ári sem deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2000 til 2006 en hefur frá þeim tíma starfað við Lagadeild Háskóla Íslands. Þar var hann lektor frá 2006 til 2010, dósent frá 2010 til 2013 en hefur frá þeim tíma verið prófessor, þar af forseti Lagadeildar Háskóla Íslands frá 2013 til 2016. Umsækjandinn var settur dómari við Landsrätt frá 1. október 2024 og síðan skipaður dómari við réttinn 24. október 2025, auk þess sem hann er í 30% stöðu prófessors þessu samhliða. Þá var hann á árinu 2018 settur dómari í tíu málum í Hæstarétti og tók sæti í einu máli fyrir Landsrétti áður en hann hlaut setningu í embættið. Auk fyrrgreindra starfa við kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands frá 2006 var umsækjandi stundakennari við deildina frá 1999 til 2006 og hefur frá 1998 leiðbeint fjölda nemenda við meistararitgerðir. Hann hefur ritað eina bók þar sem hann er einn höfundur og fimm bækur ásamt öðrum. Þá hefur hann birt yfir 40 greinar og bókarkafla á sviði lögfræði, þar af eru flestar greinanna ritrýndar og 13 þeirra með öðrum höfundum. Þá hefur hann sinnt ritstjórn og tekið þátt í innra starfi Lagadeildar Háskóla Íslands. Meðal annars hefur hann setið í stjórn Lagastofnunar, vísindanefndar Lagadeildar og í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora en einnig verið formaður kærunefndar í málefnum nemenda við skólann. Af öðrum aukastörfum hans má nefna að hann var varamaður í endurupptökunefnd frá 2013 til 2017 þar sem hann tók þátt í afgreiðslu nokkurra mála. Hann hefur verið gerðarmaður í fimm málum, meðal annars Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands og í gerðardómi á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands. Einnig var hann dómandi við Endurupptökudóm á tímabilinu 2021 til 2024. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála frá 2007 til 2013 og sem formaður í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um hæfi stjórnarmanna

fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlara, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða frá 2013 til 2024. Hann sat í stjórn Löggildingarstofu frá 2003 til 2005, var formaður stjórnar Happraættis Háskóla Íslands frá 2007 til 2023. Hann var varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins frá 2005 til 2013 og aðalmaður frá 2013 til 2017, þar af stjórnarformaður frá 2014 til 2015. Þá var hann lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 og nefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparissjóðanna. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árunum 2007 til 2014, þar af sem formaður 2013 til 2014 og hefur komið að vinnu við fjölda lagafrumvarpa, bæði einn, í samvinnu við aðra og sem starfsmaður nefnda sem hafa undirbúið þau.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Aðalsteinn E. Jónasson, Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Eyvindur G. Gunnarsson séu jafnsett til að hljóta skipun í embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem auglýst var laust til umsóknar 27. mars 2026.


Reykjavík, 19. júní 2026


Ása Ólafsdóttir


Helga Melkorka Óttarsdóttir


Jóhannes Sigurðsson


Reimar Pétursson


Þorgeir Örlygsson